

121. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn mánudaginn 20. desember 2004, kl. 10:30 að Austurvegi 56, Selfossi

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

- 1. Staða deiliskipulagsvinnu vegna Kirkjuferjuháleigu.**
Unnið er að fullum krafti við gerð að deiliskipulags og er tillagna að vænta fyrri hluta janúar.
- 2. Málefni Förgunar ehf.**
Greint frá viðræðum við KBbanka um hugsanlega aðkomu Sorpstöðvarinnar að Förgun. Stefnt er að sameiginlegum fundi milli jóla og nýárs.
- 3. Vinna við svæðisskipulag.**
Lögð fram drög að samningi um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar sem nái frá Gilsfjarðarbotni í vestri til Jökulsár á Sólheimasandi í austri, ásamt verkefnislýsingu og kostnaðaráætlun.
Drögin samþykkt.
- 4. Gjaldskrá.**
Samþykkt að hækka gjaldskrá sem nemur áætluðum verðlagsbreytingum um 3,5% frá og með 1. janúar nk.
- 5. Ráðningarsamningur við nýjan framkvæmdastjóra.**
Drög að samningi samþykkt.
- 6. Önnur mál.**
 - a) Framkvæmdastjóri sem nú situr sinn síðasta fund með stjórn Sorpstöðvarinnar þakkaði stjórnarmönnum og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á undanförunum 10 árum.
Stjórnarmenn þökkðu framkvæmdastjóra fyrir árangursrík störf fyrir Sorpstöð Suðurlands. Framkvæmdastjóri hefur leitt allt starf við uppbyggingu fyrirtækisins og mótað umhverfisstefnu þess. Fyrirtækið er í dag í fremstu röð á sínu sviði.

Fundi slitið kl. 12:25

Einar Njálsson Ágúst Ingi Ólafsson Orri Hlöðversson Þorvarður Hjaltason

